

42

12. marz

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta
samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957:

Staðfest:

1. Nefnd Verkamannafélagsins Dagsbrún, Reykjavík	14. febr. 1957.
2. Nefnd Iðju, félags verksmiðjufólks	14. — 1957.
3. Nefnd Landssambands vörubifreiðastjóra	14. — 1957.
4. Nefnd Verkalýðsfélagsins Varnar, Bildudal	21. — 1957.
5. Nefnd verkalýðsfélaga á Ólafsfirði	21. — 1957.
6. Nefnd verkalýðsfélaga á Siglufirði	1. marz 1957.
7. Nefnd Verkalýðsfélagsins Víkingur, Víkurkaupúni	5. — 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

43

21. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis
aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 6240000.00 miðað við smásöluverð.

2. gr.

1. málsg. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Verð ársmiða er kr. 240.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 20.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlist gildi 10. apríl 1957.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 18 15. febr. 1957.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. marz 1957.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.